

# Niðurstöður úttektar á starfsemi á hjúkrunarheimilunum Grund og Mörk í Reykjavík og Ás Hveragerði

Maí 2012

## Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál. Undir eftirlit Landlæknis heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst meðal annars við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

## Aðferðir

Vorið 2012 var á vegum Embættis landlæknis gerð úttekt á öllum heimilum Grundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá framkvæmdastjórn heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur til allra heimila Grundar og bárust svör við þeim spurningum í desember síðastliðnum. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar frá Embætti landlæknis; Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn í Mörk þann 26. apríl 2012. Fundað var með fulltrúum úr stjórn Grundar, framkvæmdastjórum hjúkrunar allra heimilanna sem og hjúkrunarstjóra gæðamála og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

Þann 2. og 3. maí 2012 fóru fyrrnefndir fulltrúar embættisins ásamt Lauru Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingi/verkefnisstjóra í úttektarheimsóknir á Grund í Reykjavík og að Ási í Hveragerði.

Í skýrslunni verður hér eftir talað um öll hjúkrunarheimilin (Grund Reykjavík, Mörk Reykjavík og Ás Hveragerði) sem Grund nema þar sem um mismun er að ræða þá er þess getið sérstaklega.

## Meginniðurstöður

### Notendamiðuð þjónusta - hugmyndafræði og stefna

Hugmyndafræði Grundar byggir á virðingu fyrir einstaklingnum og leggur áherslu á að Grund er heimili en ekki stofnun og allt kapp er lagt á að gera umhverfið sem heimilislegast. Í starfsmannastefnu heimilisins segir að markmið starfseminnar sé að veita heimilismönnum umhyggju og bestu aðhlynningu sem völ er á í heimilislegu umhverfi. Áhersla er lögð á mannúð og virðingu fyrir heimilismönnum sem og starfsfólki. Sjá nánar á [www.grund.is](http://www.grund.is).

Undanfarin ár hafa heimili Grundar verið að fíkra sig í áttina að Eden hugmyndafræði sem miðar meðal annars að því að einstaklingar haldi sjálfræði sínu og leitast er við að koma til móts við þarfir og langanir heimilismanna í daglegu lífi. Á **Grund í Reykjavík** hefur verið ákveðið að vinna í anda Eden hugmyndafræðinnar á sérstakri deild fyrir heilabilaða einstaklinga. Í **Mörk** sem opnaði árið 2010 hefur frá upphafi verið starfað eftir Eden hugmyndafræði og allir starfsmenn fara á sérstök Eden námskeið. Einnig hefur þar verið staðið að fræðslufundum fyrir aðstandendur en mikil áhersla lögð á virkni aðstandenda í öllu ferlinu. Hvað varðar **Ás í Hveragerði** þá er þar unnið eftir Eden hugmyndafræðinni á einni einingu, Bæjarási, og stuðst við hugmyndafræðina í starfi á öðrum einingum heimilisins.

Við flutning á Grund fá heimilismenn afhenta móttökumöppu sem ætlast er til að þeir lesi með aðstandendum sínum. Þar eru ýmsar upplýsingar um heimilið og lögð er áhersla á gerð lífssögu til þess að hægt sé að kynnast einstaklingnum betur og koma til móts við persónulegar óskir hans og þarfir. Á heimasíðu heimilanna má einnig fá nánari upplýsingar um starfsemi og þjónustu þeirra; [www.grund.is](http://www.grund.is).

Um það bil sex vikum eftir komu á heimilið er haldinn fjölskyldufundur með heimilismanni, fjölskyldu hans, hjúkrunarfræðingi og lækni. Þess utan eru fjölskyldufundir eftir þörfum á hverjum tíma og ef breyting verður á heilsufari heimilismanns.

Áhersla er lögð á góð samskipti við aðstandendur og þeir hvattir til að hafa sem mest samskipti og boðið að vera á staðnum eins og þeim hentar og nýta húsnæðið, svo sem setustofur og borðsali.

## Þjónustupættir

### Hjúkrun og umönnun

Heimilismönnum á Grund er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir hverri vakt, ýmist með staðinni vakt eða bakvakt. Við komu á heimilið fer fram ítarleg upplýsingasöfnun sem geymd er í sjúkraskrá viðkomandi. Heimilismenn Grundar hafa skilgreindan tengil, hjúkrunarfræðing eða sjúkraliða, sem hægt er að leita til.

Bæði á **Grund í Reykjavík** og í **Ási Hveragerði** er að einhverju leyti stuðst við *Liverpool Care Pathway / meðferðarferli fyrir deyjandi* (LCP) við hjúkrun heimilismanna sem þurfa á líknandi meðferð að halda. Í **Mörk** er hins vegar alfarið stuðst við LCP meðferðarferlið.

### Læknisþjónusta

Fljótlega eftir flutning á heimilið er gerð ítarleg læknisskoðun og reglulega er fylgst með almennu heilsufari heimilismanna. Á **Grund Reykjavík** og í **Mörk** kemur lækni í hús alla daga, einnig um helgar, en í **Ási Hveragerði** er læknamóttaka einu sinni í viku og eftir þörfum. Sameiginleg bakvaktþjónusta lækna er á **Grund í Reykjavík** og í **Mörk**. Samningur er við Heilbrigðisþjónustu Suðurlands varðandi vaktþjónustu í **Ási Hveragerði**. Allir heimilismenn Grundar hafa aðgang að tannlæknaþjónustu og önnur sérfræðiþjónusta lækna er veitt eftir þörfum hverju sinni.

### Þjálfun, virkni og sálgæsla

Á Grund eru starfandi bæði sjúkra- og iðjuþjálfar og á öllum heimilunum er ágætis aðstaða fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun og heimilismenn fá þjálfun sem hentar þörfum þeirra. Boðið er upp á þjálfun í æfingasál, til dæmis gönguæfingar, almennar styrktaræfingar, verkjameðferð og hitabakstra. Læknir metur hvort heimilismaður þarf sjúkra- og/eða iðjuþjálfun og útbýr beiðni þar að lútandi. Á Grund er markvisst tómstundastarf sem skipulagt er af iðjuþjálfum og má þar nefna endurminningahópa, spilahópa, leshópa, kaffistundir og dans. Á **Grund í Reykjavík** er prestur í fullu starfi sem sinnir sálgæslu heimilismanna og aðstandenda sé þess óskað. Í **Mörk** er djákni í hálfu starfi sem sinnir sálgæslu og í **Ási Hveragerði** kemur sóknarprestur vikulega og heimsækir heimilið.

### Fæði/mötuneyti

Allur matur er eldaður á Grund og yfirmenn eldhúsa Grundar eru menntaðir matreiðslumenn. Undir þeirra stjórn starfa matartæknar og annað aðstoðarfólk. Áhersla er lögð á að bjóða upp á hollan og næringarríkan heimilismat sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis og næringarþörfum hvers og eins. Heimilismenn sem á þurfa að halda fá sérþæði og sjúkrasérþæði.

Aðstandendur geta borðað með heimilismanni þegar þeim hentar og í **Mörk** og **Ási Hveragerði** er einnig aðstaða til að útbúa mat á staðnum. Matseðlar fyrir viku í senn liggja frammi og eru einnig aðgengilegir á heimasíðu Grundar.

### Önnur þjónusta

Heimilismenn á Grund hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu hjá fóttaaðgerðarfræðingi gegn vægu verði (sú þjónusta er niðurgreidd). Grund rekur þvottahús í Hveragerði þar sem einkafatnaður heimilismanna og annar þvottur heimilanna er þveginn. Einnig er aðstaða til að þvo einkaþvott á deildum ef þörf krefur.

### **Húsnæði og aðbúnaður**

Húsnæði Grundar er almennt í góðu standi og vel við haldið. Elsti hluti **Grundar í Reykjavík** er orðinn um það bil 80 ára gamall. Þar búa 122 heimilismenn í einbýlum sem mörg eru með sameiginleg salerni og baðaðstöðu, 64 búa í tvíbýlum og 10 í margbýlum og deila þeir salerni og baðaðstöðu með fleirum. Gangar eru þröngir, herbergin misstór, mörg rúmgóð en önnur lítil. Í minnstu herbergjunum á starfsfólk stundum erfitt með að athafna sig við vinnu sína. Heimilismenn geta tekið á móti gestum í eigin vistarverum og/eða setustofum og öðrum rýmum sem heimilið hefur upp á að bjóða. Aðstaða utanhúss er góð, fallegur garður með bekkjum víða og einnig er þúttvöllur við húsið. Í bakgarði heimilisins er á sumrin útikaffihús við sólstofu og þar er afar skjólgóð aðstaða til útivistar. Húsnæði **Grundar í Reykjavík** er vissulega barn síns tíma og þyrfti að gera endurbætur á því þar sem húsnæðið uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila í dag.

Húsnæði **Markar** er nýtt, var tekið í notkun árið 2010, og þar búa allir heimilismenn í rúmgóðum einbýlum með einkasalerni og baðaðstöðu. Skipulag hjúkrunardeilda er með þeim hætti að á hverri hæð eru þrjár 10 manna einingar nema á fimmtu hæðinni þar sem eru tvær 10 manna einingar. Í hverri einingu er sameiginleg setustofa og borðstofa ásamt eldunaraðstöðu þar sem heimilismenn og aðstandendur geta tekið þátt í undirbúningi máltíða. Ein hjúkrunarstöð er fyrir hverja hæð, auk þess er vinnuborð með tölvutengingu inni á hverri einingu. Heimilismenn hafa góðar aðstæður til að taka á móti gestum í eigin vistarverum, setustofu og öðrum sameiginlegum rýmum heimilisins. Aðstaða utanhúss er ágæt, stórar og rúmgóðar svalir eru út frá setustofum á hverri einingu og verið er að ganga frá lóð fyrir utan húsið.

Húsakostur í **Ási Hveragerði** er á mismunandi aldri og hefur eins og öðru húsnæði Grundar verið vel við haldið og endurnýjað í gegnum tíðina. Heimilismenn í hjúkrunarrýmum búa í tveimur húsum sem eru við hlið hvors annars, Ási og Bæjarási,

og búa 20 manns í tvíbýlum og 10 í einbýlum, salernis- og baðaðstaða er sameiginleg fyrir hver tvö herbergi. Aðstaða utanhúss er með ágætum, skjólsæl verönd út frá setustofu og góður garður.

Framkvæmdastjórn Grundar leggur áherslu á að til þess að hægt sé að bjóða upp á fleiri einbýli með sér snyrtingu þá verði að greiða húsaleigu til sjálfseignarstofnana í öldrunarþjónustu fyrir það húsnæði sem þær leggja til.

Athugasemdir sem komið hafa frá eftirlitsstofnunum hafa í öllum tilfellum verið lagfærðar strax og innan þess tíma sem gefinn hefur verið. Athugasemdir frá heimilismönnum og aðstandendum snúa nær eingöngu að ósk um fækkun á tvíbýlum.

## Mannauðsmál

### Mönnun

Auk hjúkrunarframkvæmdastjóra eru á virkum dögum hjúkrunarfræðingar á morgunvakt á hverri deild á öllum deildum Grundar ásamt sjúkraliðum og aðstoðarfólki. Á kvöldin og um helgar er einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverju heimili Grundar auk sjúkraliða og aðstoðarfólks. Á nóttunni er hjúkrunarfræðingur á vakt á **Grund í Reykjavík** og í **Mörk** (svokölluð húsvakt) auk sjúkraliða og annars starfsfólks en í **Ási Hveragerði** er sjúkraliði á næturvakt og hjúkrunarfræðingur á bakvakt.

Í ljósi raunfjármögnunar til heimilisins þykir ekki raunhæft að miða við *Ábendingar Landlæknisembættisins um mönnun á öldrunarstofnunum* og það er mat framkvæmdastjóra hjúkrunar að hlutfall sjúkraliða í heildarmönnun mætti vera hærra.

### Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Grund þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning.

Nýir starfsmenn fá einstaklingsmiðaða aðlögun eftir því um hvaða starf er að ræða og hver bakgrunnur viðkomandi er. Allir starfsmenn fá ákveðinn tengil sem þeir fylgja meðan á aðlögun stendur og fá afhenta starfsmannahandbók sem inniheldur leiðbeiningar fyrir starfsfólk. Boðið er upp á nýliðafræðslu og reglulega fræðslufundi þess á milli. Fræðslumöppur eru til staðar á öllum deildum.

Heildarstarfsmannavelta **Grundar í Reykjavík** var 18,15% árið 2010 og heildartíðni veikinda starfsmanna sama ár var 5,2%. Stöðugildi sem mönnuð eru starfsfólki af

erlendu bergi brotið eru 29% og hafa margir hverjir verið lengi við störf á heimilinu og starfa yfir 90% þeirra við ræstingu.

Í **Mörk** var heildarstarfsmannavelta 17% fyrstu tíu mánuði ársins 2011 og heildartíðni veikinda starfsmanna 4,5% fyrir sama tíma. Heildarfjöldi erlendra starfsmanna er 17% og starfar mestur hluti þeirra við ræstingar.

Heildarstarfsmannavelta í **Ási Hveragerði** var 13% fyrstu 10 mánuði ársins (þar af 3,6% sem hættu vegna aldurs) og heildartíðni veikinda var 5,5% fyrstu 10 mánuði ársins. Í **Ási** er hlutfall erlendra starfsmanna við umönnun og ræstingu 5-7%. Allir starfsmennirnir tala íslensku og hafa margir búið lengi hér á landi.

Á Grund er gerð krafa um að þeir sem annast hjúkrun, lækniþjónustu og umönnun heimilismanna tali og skilji íslensku.

Starfsfólki Grundar er boðið upp á inflúensubólusetningu á heimilinu og það hvatt til að láta bólusetja sig.

#### Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Verkefnastjóri RAI mats á Grund og hjúkrunarstjóri gæða- og fræðslumála fylgjast ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum með skráningu og niðurstöðum úr RAI mati. Að loknu hverju matstímabili eru niðurstöður skoðaðar og kynntar þeim sem koma að RAI mati á hverjum stað og umbótavinnu hrundið af stað ef þörf krefur. Sameiginleg gæðanefnd allra heimila Grundar fer yfir niðurstöður úr RAI mati og ákveður í framhaldinu að hvaða umbótaverkefnum skuli unnið að. Hjúkrunarstjóri gæða- og fræðslumála á Grund hefur umsjón með gerð gæðahandbóka sem nálgast má á sameiginlegu innra neti heimilanna. Í gæðahandbókinni má meðal annars finna verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar, sýkingavarnaleiðbeiningar og vinnuleiðbeiningar sem einnig eru til útprentaðar í möppum.

Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál og öryggismál er fyrir hendi á Grund og má nálgast hana á sameiginlegu innra neti heimilanna og einnig útprentaða í möppum á heimilinu.

Síðla árs 2011 var gerð starfsánægjukönnun í samráði við Vinnueftirlitið og hafa niðurstöður hennar verið kynntar fyrir starfsfólki.

Verklagsreglur og fræðsluefni varðandi handþvott og aðrar sýkingavarnir eru til útprentaðar og á innra neti heimilisins. Allar sýkingar sem eiga upptök sín á heimilinu eru skráðar.

## Lyfjamál

Hjúkrunarfræðingar á Grund eru ábyrgir fyrir lyfjagjöfum og hafa þeir ásamt ákveðnum starfsmönnum aðgang að læstum lyfjaskápum heimilanna. Á öllum heimilum Grundar eru til verklagsreglur varðandi lyfjatiltekt og lyfjagjafir bæði á rafrænu formi og útprentaðar. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Allar lyfjagjafir eru skráðar á sérstök blöð sem geymd eru í möppu heimilismanna. Reglulega er fylgst með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með.

Á **Grund í Reykjavík** er lyfjaþjónusta ekki útvistuð en lyfjafræðingur starfar á staðnum. Skammtanleg lyf eru handskömmtuð í margnota vikubox samkvæmt vinnureglum í gæðahandbók. Í **Mörk** koma öll föst lyf pökkuð samkvæmt samningi við Lyfjalausnir og í **Ási Hveragerði** samkvæmt samningi við SA lyfjaskömmun. Lyfjaþjónusta er á báðum heimilunum útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

## Skráning

Skráning heilsufarsupplýsinga er rafræn að hluta og notað er kerfi sem hannað var á Grund og heitir Ellistoð. Þar eru skráðar ýmsar upplýsingar sem safnað er við komu heimilismanns á heimilið. Jafnframt eru þar læknanótur og heilsufarsyfirlit sem eru einnig útprentaðar og geymdar í sjúkraskrá. Læknisfræðileg skráning er samkvæmt ICD-10 flokkunarkerfinu og er á ábyrgð lækna heimilisins. Sjúkraskrár eru vel skipulagðar, auðvelt að finna pappíra og upplýsingar varðandi læknisverk og rannsóknarniðurstöður.

Hjúkrunarskráning er ekki á rafrænu formi en upplýsingasöfnun byggir á heilsufarslyklum Gordons og hjúkrunargreiningar á NANDA flokkunarkerfinu. Hver heimilismaður á sína möppu sem inniheldur meðal annar útdrátt úr sjúkraskrá, svo sem eyðublöð fyrir fastar lyfjagjafir, upplýsingasöfnun hjúkrunar, hjúkrunargreiningar, tillögur að hjúkrunarmeðferð, framvindunótur, upplýsingar úr RAI mati o.fl. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar fyrir heimilismenn og/eða aðstandendur í samráði við lækni viðkomandi.

## Atvik/kvartanir

Á innra neti Grundar sem allir starfsmenn hafa aðgang að er að finna upplýsingar um skráningu atvika. Öll atvik eru skráð á þar til gerð atvikaskráningablöð; í **Mörk** er notað atvikaskráningarblað frá Embætti landlæknis. Ávallt er skráð um hvers konar atvik er að ræða.



Atvikaskráning sem snýr að starfsmanni er geymd í möppu hans hjá launafulltrúum heimilisins. Ef upp koma alvarleg atvik eða ef slys verða á starfsmönnum skal tilkynna það samdægurs til næsta yfirmanns og starfsmannastjóra sem kemur því áfram til Vinnueftirlitsins.

Engin alvarleg atvik voru tilkynnt til Embættis landlæknis árið 2011. Markvisst er haldið utan um skráð atvik og vinnulagi breytt ef þörf krefur.

Til er skrifleg verklagsregla um meðferð kvartana frá heimilismanni og/eða aðstandenda og er hún aðgengileg á innra neti heimilisins. Vakthafandi hjúkrunarstjóri ásamt framkvæmdastjóra hjúkrunar svarar kvörtunum frá heimilismönnum og aðstandendum og ber ábyrgð á faglegri meðferð og úrlausn þeirra mála.

## Öryggismál

Í bæklingi sem heimilismenn og aðstandendur fá í hendur við flutning á Grund er sérstaklega tekið fram að heimilið tekur ekki neina ábyrgð á eigum eða fjármunum heimilismanna. Einkamunir heimilismanna eru tryggðir fyrir ákveðna upphæð árlega en fólki er ráðlagt að tryggja sérstaklega dýra og verðmæta muni. Í **Mörk** hafa heimilismenn öryggishólf sem þeir einir og/eða aðstandendur þeirra hafa aðgang að.

Á **Grund í Reykjavík** eru eftirlitsmyndavélar á sumum göngum hússins en ekki við inn- og útganga eða í alrýmum. Í **Mörk** eru engar eftirlitsmyndavélar innan húss, einungis við inngang fyrir vöruafhendingar. Í **Ási Hveragerði** er eftirlitsmyndavél í einu húsi heimilisins og ekki við inn- og útganga.

Skrifleg verklagsregla varðandi óboðna gesti er í möppu og á innra neti heimilisins. Ekki er til sérstök viðbragðsáætlun gagnvart ofbeldi en verið að vinna að slíkri áætlun. Til er skrifleg rýmingaráætlun fyrir **Grund Reykjavík** og **Ás Hveragerði** og verið að vinna að áætlun fyrir **Mörk**. Brunavarnakerfi er á öllum heimilum Grundar og brunaeingar eru haldnar reglulega.

Búið er að vinna áhættumat samkvæmt leiðbeiningum frá Vinnueftirlitinu. Fulltrúar frá þeim hafa komið og tekið út starfsemina og brugðist hefur verið við athugasemdum frá þeim og fyrir liggur skrifleg öryggis- og heilbrigðisáætlun. Þegar spurt var um hvaða einkunn Grund fengi í öryggismálum er lúta að heimilismönnum (á bilinu 0–10) var svar framkvæmdastjórnar 7- 8 og 8 í öryggismálum er lúta að starfsfólki.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi heimilismanna og aðeins með samþykki þeirra og/eða aðstandenda. Ekki er til

sérstakt eyðublað varðandi notkun hafta/öryggisútbúnaðar en alltaf skráð í sjúkraskrá viðkomandi ef upp kemur að nota þarf höft eða öryggisútbúnað og við hvern var haft samband þar að lútandi.

## **RAI mat**

Verkefnastjóri RAI mats á Grund og hjúkrunarstjóri gæða og fræðslumála fylgjast ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum með skráningu og niðurstöðum úr RAI mati. Eftir hvert matstímabil eru niðurstöður skoðaðar og kynntar þeim sem koma að RAI mati á hverjum stað.

RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar gæðavísar fyrir heimili Grundar eru skoðaðir frá árinu 2010 kemur í ljós að í heildina eru flestir þeirra í góðu lagi og innan íslensku gæðaviðmiðanna.

Á **Grund í Reykjavík** eru aðeins tveir gæðavísar yfir efri viðmiðunarmörkum; byltur og vökvaskortur en aðrir gæðavísar eru innan viðmiðunarmarka.

Í **Mörk** er algengi hegðunarvandamála og þunglyndiseinkenna yfir efri mörkum viðmiðunarmarka en algengi notkunar sterkra geðlyfja og róandi lyfja hefur minnkað.

Í **Ási Hveragerði** er algengi hegðunarvandamála, þunglyndis og notkunar sterkra geðlyfja í öðrum tilfellum en mælt er með við eða yfir efri viðmiðunarmörkum en algengi notkunar róandi lyfja hefur minnkað.

Hafa ber í huga að gæðavísar eru ávallt vísbendingar um hvernig meðferð og umönnun er á hjúkrunarheimilum en ekki algildur sannleikur. Því þarf ávallt að skoða hvert viðfangsefni nánar og kanna hverjar ástæðurnar eru fyrir því að tiltekin vísbending kemur fram. Niðurstöður gæðavísa eru góðar vísbendingar fyrir stjórnendur hjúkrunarheimila, hvar hefur náðst góður árangur og hvar þarf mögulega að leggja áherslu á umbætur.

## Samantekt og tillögur til úrbóta

### Mönnun

Mönnun fagfólks við hjúkrun/umönnun á heimilum Grundar er á mörkum þess að vera ásættanleg en Embætti landlæknis telur að fullnægjandi hjúkrun á hjúkrunarheimilum verði fyrst og fremst tryggð með viðeigandi mönnun.

### Flutningur á heimilið

Verklag við inntöku heimilismanna á heimilið er í góðu lagi.

### Þjálfun/virkni og sálgæsla

Í góðu lagi.

### Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

### Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Grundar er almennt í góðu standi og vel við haldið. Elsti hluti **Grundar í Reykjavík** er barn síns tíma og uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila í dag og stór hluti heimilismanna býr í tvíbýlum og deila salerni/baðherbergi. Margir heimilismenn í **Ási Hveragerði** búa einnig í tvíbýlum og hafa sameiginleg salerni/baðherbergi.

### Öryggi og eftirlit

Yfirleitt í góðu lagi en Embætti landlæknis leggur til að hugað verði að úrbótum varðandi öryggismyndavélar á heimilunum.

### Gæðastarf

Gæðastarf í góðu lagi og vel skipulagt.

### Atvik /kvartanir

Atvikaskráning í góðu lagi.

### Sjúkraskrár

Vel skipulagðar og í góðu lagi.

### Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning, svo sem hjúkrunargreiningar, tillögur um meðferð og framvindumat er allt vel skráð og reglulega uppfært.

### RAI skráning

Í góðu lagi og reglulega fylgst með niðurstöðum.

### Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla nema ef um vægari verkjalyf og þess háttar er að ræða.

### Almennt um Grund

Greinilegt er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð heimilismanna og metnaður er til að gera vel. Hugmyndafræði Grundar byggir á virðingu fyrir einstaklingnum og leggur áherslu á að Grund er heimili en ekki stofnun og allt kapp er lagt á að gera umhverfið sem heimilislegast.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar og væntir þess að niðurstöður hennar nýtist í umbótastarfi.